



Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda. Sjávangata 12, Þingeyri.

Viðar Magnússon hjá Sæverki ehf. fékk úthlutaða lóðina við Sjávangötu 12 á Þingeyri skv. samþykkt á 536. fundi bæjarstjórnar þann 2. apríl 2020.

Lóðarúthlutun er skv. gildandi skipulagi, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun lóðar, staðfest af bæjarstjórn. Lóðunum er úthlutað í því ástandi sem þær eru og umsækjandi ber allan kostnað við að gera lóðirnar byggingahæfar.

Lóðagjald kr. 33.940,-

Gatnagerðargjald 8.003 kr x 310,0 fm² (m.v. hámarks nýtingarhlutfall lóðar á iðnaðarsvæði)
kr. 2.480.930,-

Samtals kr: 2.514.870,-

Gatnagerðargjald skal lagt a skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjöld í Ísafjarðarbæ.

Tillaga um niðurfellingu gatnagerðargjalda var samþykkt á 444. fundi bæjarstjórnar 24. Október 2019 og gildi til 1. Nóvember 2020.

Tillaga 1079. fundar bæjarráðs frá 21. október sl., um að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn samþykkir að fella tímabundið niður gatnagerðargjöld, af nýbyggingu íbúðarhúsnæðis, á lóðum við þegar tilbúna götur í sveitarfélaginu sem ekki þarf að leggja frekari kostnað í og auglýstar eru á vef Ísafjarðarbæjar. Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækkunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið tekur gildi eftir samþykkt þess í bæjarstjórn og varir til 1. nóvember 2020. Ákvæðið er ekki afturvirk og miðað er við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka.“

Lóðin við Sjávangötu 12 er ekki tengd inn á frárennsliskerfið og það eru um 35 metrar sem vantar upp á tenginguna. Gatan Sjávangata er ómalbikuð og gatnagerð er því ólokið.

